

TILLAGA AÐ NIÐURLAGNINGU SÚGANDAFJARÐAÐEILDAR

Lögð fram á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi 9. maí 2026

Flm: Sigríður Stefánsdóttir formaður Rauða krossins á Íslandi, Jón Ásgeirsson varaformaður Rauða krossins á Íslandi, Arnbjörg Sveinsdóttir stjórnarmaður, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ívar Kristinsson stjórnarmaður, Magnea Gná Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Óttarr Ólafur Proppé stjórnarmaður, Símon Friðrik Símonarson stjórnarmaður, Valgerður Bláklukka Fjölinsdóttir stjórnarmaður, Árni Jóhannsson varamaður, Unnsteinn Ingason varamaður.

Tillagan:

Stjórn Rauða krossins á Íslandi leggur til á aðalfundi félagsins 9. maí 2026 að Rauði krossinn í Súgandafirði verði lagður niður. Samkvæmt ákvörðun stjórnar Rauða krossins á Íslandi renna eigur deildarinnar og starfssvæði til Rauða krossins við Djúp.

Greinargerð:

Rauði krossinn í Súgandafirði hefur ekki starfað með eðlilegum hætti undanfarin ár. Deildin hefur ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt lögum og reglum Rauða krossins.

Deildin hefur ekki haldið aðalfund eða skilað inn gögnum á tilsettum tíma um nokkurra ára skeið. Í upphafi var ítrekað kallað eftir gögnum og samstarfi við deildina án árangurs.

Á stjórnarfundi þann xx. ákvað stjórn með vísan til 23. gr. laga Rauða krossins á Íslandi að leggja Rauða krossinn í Súgandafirði, kt. 6207802789, niður til bráðabirgða og skal sú ákvörðun hljóta endanlega staðfestingu á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi 9. maí 2026.